

Læknaráð

Stjórnarfundur 03.09.2021, fundargerð

Dagsetning og staður: 03.09.2021 kl.13:00, fjarfundur á Teams.

Fundinn sátu: Steinunn Þórðardóttir (formaður), Þórunn Jónsdóttir, Kristján Dereksson og Oddný Ómarsdóttir.

Efnisatriði:

1. Fréttir af fagráði.

-Farið var yfir það hvernig starfsemi fagráðsins hefur farið af stað, ráðið er nýtt og er enn að fóta sig en búið er að senda starfsreglur fagráðsins á forstjóra LSH til samþykktar. Fagráðið verður einnig með fræðslu í vetur.

2. Fréttir af fræðslunefnd (dagskrá vetrarins).

-Læknaráð Landspítala, Próffessoraráð, Samtök yfirlækna og Félag sjúkrahúslækna munu standa fyrir opnum fundi um heilbrigðismál með læknum spítalans og frambjóðendum til alþingiskosninga í Hringstal, föstudaginn 10. september kl. 12-13:30. Streymi frá fundinum verður í gegnum Teams. Félagsmenn fá fundarboð í gegnum tölvupóst en ákveðið var að ítreka einnig fundinn á Facebook síðu íslenskra lækna þegar nær dregur. Steinunn formaður er búin að fá samþykki sóttvarnarnefndar fyrir því að halda fundinn (þ.e. vegna Covid 19 sóttvarnaraðgerða).

-Steinunn mun bera það undir Reyni Arngrímsson, formann LÍ, hvort að möguleiki sé á því að halda sameiginlegt erindi á Læknadögum í janúar 2022 um niðurstöður úr könnuninni á líðan og starfsumhverfi lækna.

-Stefnt verður að því að ræða við Gunnar Bjarna, formann fræðslunefndar, um frekara skipulag á fræðslufundum Læknaráðs í vetur (?DRG fræðsla, ?opinn fræðslufundur um Hringbrautarverkefnið ofl.).

3. Samskiptamál/samfélagsmiðlar.

-Oddný mun setja inn lykilorð og notandanafn af instagram síðu Læknaráðs svo að síðan sé aðgengileg öllum stjórnarmeðlimum Læknaráðs, þá geta allir stjórnarmeðlimir birt efni á síðunni. Munum síðan auglýsa síðuna á Fb síðu íslenskra lækna þegar síðan er orðin virkari, jafnvel á sama tíma og fyrstu fræðslufundir Læknaráðs verða auglýstir.

-Instagram un: laeknarad, pw: laeknarad123

4. Gjafasjóður á vegum Læknaráðs.

-Hefð hefur verið fyrir því að Læknaráð gefi þeim læknum sem eru að hætta störfum gjöf sem fjármögnuð hefur verið með gjafasjóði ráðsins. Að svo stöddu er enginn slíkur sjóður til staðar. Talið er að það sé kannski óþarfa flækjustig að stofna gjafasjóð að nýju. Þess í stað væri til að mynda hægt að heiðra lækna sem eru að hætta störfum með öðrum hætti (t.d. með einhvers konar viðurkenningu og þakkarræðu á desemberfundi).

5. Könnun Læknaráðs og Lí á líðan lækna spítalans.

-Sbr. Hér að ofan þá mun Steinunn setja sig í samband við Reyni Arngrímsson mtt þess að halda sameiginlegt erindi á Læknadögum í janúar 2022 þar sem farið yrði yfir niðurstöður könnunarinnar.

6. Fundur 10.09.2021 með frambjóðendum flokka.

-Sjá lið 2.

7. Réttarstaða heilbrigðisstarfsfólks.

Vegna tímaskorts þá náðist ekki að fara ítarlega yfir þennan málaflokk á fundinum í dag en þetta hefur verið mikið til umræðu meðal heilbrigðisstarfsfólks að undanfögnu og mun Læknaráð funda nánar um málið á næstunni.

8. Staða vísindastarfs á Landspítala.

Ljóst er að staða vísindastarfs á Landspítala er afar bág og fær í raun algjöra falleinkunn samanborið við það sem gengur og gerist í öðrum vestrænum löndum. Steinunn formaður hefur verið að vinna að uppkasti að bréfi þar sem stefnt er að því að vekja athygli á þessari slæmu stöðu, mögulega í samvinnu við fleiri aðila.

9. Hringbrautarverkefnið.

Frekari umræða um málið er á bið að svo stöddu.

10. Önnur mál.

-Kritsján D. er kominn í vinnuhóp Lí um námsréttindi lækna þar sem áætlað er að funda í sept/okt. m.a. um möguleikann á gagnagrunni til að skrá símenntun lækna.

11. Næsti fundur:

-Næsti stjórnarfundur Læknaráðs verður haldinn föstudaginn 24.09.2021. Óvíst er að svo stöddu hvort að sá fundur verði haldinn á Teams eða hvort reynt verði að halda staðarfund í hádeginu.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum. Fundi slitið kl.14:05.

Viðbót - upplýsingar um fund 10.09.2021 með frambjóðendum flokka

Steinunn Þ. formaður Læknaráðs opnaði fundinn kl.12:00 á stuttu erindi þar sem farið var almennt yfir stöðu heilbrigðismála og vísindastarfs. Björn Rúnar stýrði fundinum. Því næst héldu frambjóðendur hvers flokks 5 mín. erindi um stefnu sína í heilbrigðismálum. Eftirfarandi frambjóðendur sátu fundinn og héldu erindi: Svandís Svavarsdóttir (f.h. Vinstri Grænna), Hanna Katrín Friðriksson (f.h. Viðreisnar), María Pétursdóttir (f.h. Sósíalista), Guðlaugur Þór Þórðarson (f.h. Sjálfstæðisflokksins), Helga Vala Helgadóttir (f.h. Samfylkingar), Björn Leví Gunnarsson (f.h. Pírata), ____ (f.h. Miðflokksins), Ásmundur Einar Daðason (f.h. Framsóknar) og Inga Sæland (f.h. Flokks fólksins). Í lok fundar svöruðu frambjóðendur nokkrum spurningum lækna úr sal, þátttaka var góð (einkum á Teams). Fundi var slitið skv. áætlun kl.13:30.